

# **Þorskeldiskvótaverkefnið**

**Fundur um föngun á þorski í Reykholti 15. og 16. apríl 2009**

**Söfununakví**

**Kristján G. Jóakimsson  
Haraldur Konráðsson**

**Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.**



**Söfnunarkví:** kví sem fiskur er hafður í frá föngun og þar til hann er fluttur í eldiskví

**Helsta áskoranir í veiðum á þorski til áframeldis eru:**

- of lítil afköst í veiðum, aðlögun og flutningi
- of mikil afföll í aðlögun




Þróun og reynsla hjá HG:

- Upphaflega voru söfnunarkvíar á Álftafirði, nálægt eldiskvíum  
=> Langur flutningur af veiðislóð að aðlögunarkvíum
- Söfnunarkvíar fluttar af eldissvæði yfir á veiðisvæði – merkingar kvía
- Söfnunarkvíar 20 m hringir í ummál, afköst lítil / afföll oft mikil  
=> Í lok sumar 2007 settur laus botn með stífu neti í söfnunarkví  
sem leiddi til verulegrar minnkunar í afföllum við aðlögun






## Stífur botn í safnkví



Falski botninn er hringur (22m) úr 16mm rústfríu stáli með krossi í miðjunni. Hringurinn var síðan þéttur með þéttriðnu trollgarni. Hringnum er komið fyrir í móttökukvínni og stilltur af með fjórum böndum. Eins og vísbendingar gáfu til um árið 2007 reyndist falski botninn vel árið 2008. Mun minni dauði virðist vera í móttökukvíum sem voru með flatan botn í samanburði við móttökukvíar sem ekki eru með fölskum botni. Við teljum að þessi flati botn sé að gera verulegt gagn en það má samt ekki setja meira en 50-60 kg af lifandi fiski á fermetra ef hann á að virka skv. okkar reynslu eða all að 2.000 kg.






Til að auka afköst er hægt að vera með tvær móttökukvíar, þar sem hægt er að setja 1,5 til 2 tonn í anna hvern dag (til skiptis).

Fiskur er hafður einn til tvo sólarhringa í aðlögun.

Til að auka afköst erum við með í smíðum 30 m hring sem ætti að afkasta 3,5 tonnum.





Vigtun á afla er framkvæmd með löggiltri sjókrókavog sem hangir í krana og er aflinn vigtaður um borð í Brunnbát (Papey SU).



Að lokum er siglt með afla að eldiskví og fiski dælt út í eldiskví



Takk

